

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2006 frá 7. júlí 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2006 frá 23. mars 2006 að því er varðar leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem tilheyra flokknum snefilefnasambönd ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 492/2006 frá 27. mars 2006 um bráðabirgðaleyfi og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 545/2006 frá 31. mars 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1464/2004 að því er varðar skilyrði vegna leyfis fyrir aukefninu Monteban í fóðri sem er í flokknum hníslalyf og önnur lyf ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1464/2004):
„, eins og henni var breytt með:
– **32006 R 0545**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 545/2006 frá 31. mars 2006 (Stjtið. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 26).“
2. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzt (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 252/2006):
„1zzu. **32006 R 0479**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2006 frá 23. mars 2006 að því er varðar leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem tilheyra flokknum snefilefnasambönd (Stjtið. ESB L 86, 24.3.2006, bls. 4).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 86, 24.3.2006, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 89, 28.3.2006, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 26.

1zzv. **32006 R 0492**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 492/2006 frá 27. mars 2006 um bráðabirgðaleyfi og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri (Stjtíð. ESB L 89, 28.3.2006, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 479/2006, 492/2006 og 545/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.